

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um skiptingu hreindýraarðs.

1. *Hverjar voru heildartekjur af sölu hreindýraveiðileyfa og hreindýraafurða á árunum 2011 og 2012?*

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun voru heildartekjur árið 2011 af sölu hreindýraveiðileyfa 89.793.289 kr. Heildartekjur ársins 2012 liggja ekki endanlega fyrir þar sem Umhverfisstofnun á enn eftir að endurgreiða einhver leyfi sem skilað var til stofnunarinnar. Áætlaðar tekjur eru nú 106.451.940 kr.

Heildartekjur af sölu hreindýraafurða voru 651.000 kr. á árinu 2011 og frá þeirri upphæð dregst kostnaður vegna verkunar, 179.955 kr. Áætlaðar heildartekjur eru 1.200.000 kr. á árinu 2012 en kostnaður vegna verkunar liggur ekki fyrir.

2. *Hvernig skiptast þær tekjur á milli Umhverfisstofnunar, Náttúrustofu Austurlands og landeigenda?*

Tekjur af sölu hreindýraafurða renna óskiptar til Umhverfisstofnunar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða. Tekjur vegna sölu hreindýraveiðileyfa skiptast hins vegar svo:

	Heildartekjur	Hluttur landeigenda	Hluttur Náttúrustofu Austurlands	Hluttur Umhverfisstofnunar
2011	89.793.289	74.250.500	5.505.500	10.037.289
2012	106.451.940	89.532.000	6.454.500	10.465.440

